


Bráðadagdeild lyflækninga

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur



Staðsetning og opnunartími

Bráðadagdeild lyflækninga (B1) er staðsett á 1. hæð Landspítala í Fossvogi. Deildin er opin alla daga klukkan 08.00–20.00. Gengið inn um aðalinngang.

Starfsemi deildarinnar

Deildin annast greiningu og meðferð bráðra veikinda fólks sem ekki þarfnast innlagnar á spítala. Sem dæmi má nefna:

- Blóðleysi
- Skerðingu á nýrna- eða lifrarstarfsemi
- Truflun á jafnvægi á söltum í blóði

Jafnframt sinnir deildin ástungum, til dæmis vegna vökva í lungum eða kvið, og inngjöf vökva, blóðs og sýklalyfja í æð.

Til athugunar

- Bráðadagdeild lyflækninga sinnir aðeins þeim sjúklingum sem heilbrigðisstarfsmenn innan Landspítala, á heilsugæslu, hjúkrunarheimilum, öðrum heilbrigðisstofnunum og sjúkraflutningum höfuðborgarsvæðisins (SHS) hafa bókað tíma fyrir.
- Sjúklingar geta ekki pantað tíma sjálfir og ekki er hægt að mæta á deildina nema að eiga bókaðan tíma. Þá þarf að leita á bráðamóttöku, læknavakt eða vakt á heilsugæslu vegna bráðra veikinda.

Rannsóknir

Við komu á deildina er algengt að sjúklingum sé vísað í ýmsar rannsóknir sem ýmist eru gerðar samdægurs á deildinni eða síðar. Dæmi um slíkar rannsóknir eru:

Blóðrannsókn. Taka blóðsýna fer fram á 1. hæð í Fossvogi, E álmu.

Pvag- og saurrannsókn. Sýnum er skilað á rannsóknarstofu á 1. hæð í Fossvogi, E álmu (á sama stað og blóðrannsókn).

Myndrannsóknir

- Sneiðmyndataeki er staðsett á 2. hæð í Fossvogi, gangi E2.
- Röntgenmyndataka fer fram á 3. hæð í Fossvogi, gangi E3.
- Segulómun er gerð á 3. hæð í Fossvogi, gangi G3.
- Ísótópar og jáeindaskanni eru á jarðhæð G-álmu á Hringbraut, gangi 10G.

Myndstýrð inngrip eru yfirleitt framkvæmd á 3. hæð í Fossvogi, gangi E3.

Maga- og ristilspeglanir eru gerðar á speglunardeild á 1. hæð á Hringbraut, deild 11D.

Berkjuspeglun er á 3. hæð í Fossvogi, deild A3.

Hjartaómun er á 4. hæð á Hringbraut.

Vefjasýni sem tekin eru á bráðadagdeild lyflækninga eða rannsóknarstofum eru skoðuð á meinafræðideild Landspítala. Vinnsla þeirra getur tekið nokkra virka daga.

Frekari meðferð og eftirfylgd

Læknar og hjúkrunarfræðingar á bráðadagdeild lyflækninga fylgja rannsóknnum eftir og láta vita um niðurstöður þeirra símleiðis eða með skilaboðum í heilsuveru. Ef þörf er á frekari rannsóknnum eða eftirliti er sjúklingum gefinn nýr tími á bráðadagdeild lyflækninga eða þeim vísað á viðeigandi göngudeildir eða heilsugæslu.

Lyfseðlar eru sendir rafrænt í apótek. Þá er hægt að sjá á vefsvæðinu heilsuvera.is með því að nota rafræn skilríki til að skrá sig inn.